



KIRKJUGARÐASAMBAND ÍSLANDS

Fossvogi • 105 Reykjavík • S: 551 - 8166 • Fax: 562 - 0244

Alþingi

Erindi nr. P 131/403

komudagur 3.12.2004

Til alsherjarnefndar Alþingis.

Reykjavík, 1. desember 2004.

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 208. mál, kirkjugarðsgjald o.fl.

Í upphafi athugasemda við frumvarpið kemur fram að fulltrúar frá Kirkjugarðasambandi Íslands voru í þeim starfshópi sem vann að gerð hins nýja tekjakerfis sem frumvarpið byggir á. Einnig kemur fram í athugasemdunum með frumvarpinu, undir kaflanum "Gjaldalíkan Kirkjugarðasambands Íslands", að Kirkjugarðasambandið hafði áður tekið saman gjaldalíkan, sem höfundar frumvarpsins byggðu hugmyndafræði sína að verulegu leyti á. Ekki er því að vænta mikilla athugasemda frá Kirkjugarðasambandinu, en þó má leiðrétta eitt atriði sem fram kemur í kaflanum um "Gjaldalíkan Kirkjugarðasambands Íslands", neðstu greinarskilum: "Ráðgert er að gerður verði samningur milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og KGSÍ þar sem nánar verður kveðið á um greiðslur samkvæmt líkaninu." Í stað "KGSÍ" á að standa "kirkjugarðaráðs"

Hugmyndafræði frumvarpsins felst í því að hver kirkjugarður fái rekstrarfé sem nægir til að sjá um garðinn í samræmi við lagaskyldur hans og í réttu hlutfalli við umsvif og kostnað við þann lögboðna rekstur. Það er álit flestra, sem komið hafa að rekstri kirkjugarða, að núverandi fyrirkomulag greini ekki nógu vel rekstrarþörfina og úr því þurfi að bæta með því að taka upp annað og skilvirkara fyrirkomulag.

Tekið skal fram að aðildarfélagar innan KGSÍ sem nú eru 57 talsins, og hafa að baki sér vel yfir 90% íbúa landsins, hafa fengið ítarlega kynningu á frumvarpinu og hafa þeir nær undantekningarlaust samþykkt það fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllst,

Þórsteynn Rágnarsson,
formaður KGSÍ.